



Faghópur 3

Fundargerð 4. fundar

Iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík, 17. apríl 2009, kl. 13:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Elín R. Líndal úr verkefnisstjórn.

Forföll: Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. **Mat á landslagi.** Fundarmenn komu beint af kynningarfundum verkefnisstjórnar um mat á landslagi og ræddu um efni hans á almennum nótum. M.a. var nefnt að lítið hefði komið fram er tengdist menningarlandslagi eða efnahagsþáttum. Hins vegar hefði verið um fróðlega kynningu að ræða. Starfsmaður gat þess að mat á landslagi kæmi beinast við fagsvið hópa 1 og 2.
3. **Listi síðasta fundar yfir mögulega matsþætti.** Umfjöllun um hinn „óvísindalega lista um mögulega þætti sem gæti þurft að skoða“ sem formaður lagði fram á síðasta fundi hélt áfram. Rætt var um einstaka þætti, sumir sameinaðir og dregið úr mikilvægi annarra.
 - a. **Íbúar:** íbúafjöldi og samsetning íbúafjölda.
 - b. **Efnahagsleg áhrif:** Velta fyrirtækja, virðisauki, margfeldisáhrif (staðbundin), umfang, verktími, nýting/verð fasteigna, samlegðaráhrif, stórnotendur.
 - i. Margfeldisáhrif koma aðeins fram á samdráttarskeiði; ef um er að ræða þensluskeið og gott atvinnuástand koma margfeldisáhrif ekki fram - aðeins er um að ræða tilfærslu á störfum (svæðisbundið/milli landshluta?).
 - ii. Efnahagslegt umhverfi getur verið breytilegt frá einu landsvæði til annars; samdráttur í einu héraði en þensla í öðru. Þess vegna getur myndast togstreita um störf
 - iii. Áhrif á verðmæti fasteigna: Leita áhlits Vífils Karlssonar, dósents við HA, um þætti sem ráða svæðisbundnu fasteignaverði. (Hvaða áhrif myndi uppbygging hafa?) . Leita einnig til Jóns Þorvaldar Heiðarssonar, RHA, sem skoðað hefur áhrif framkvæmda á Austurlandi á fasteignamarkað.
 - iv. Samlegðaráhrif: Álit Jóhannesar Geirs.
 - v. Stóriðja virðist halda niðri rafmagnsverði til almennings.
 - c. **Vinnumarkaður:** Fjöldi starfa, fjölbreytni starfa (fábreytni/fjölbreytni), hreyfanleiki vinnuafis, atvinnuleysi, laun.
 - d. **Þjónusta:** ríkisvalds, sveitarfélaga, fyrirtækja – heilbrigðismál, menntun, verslun. Almenn meiri þjónusta skýtur styrkari stoðum undir samfélag og byggðir.

- e. Grunngerð/innviðir: Samgöngur (t.d. vegalagningar og, tilkoma stórra hafna), afhendingaröryggi orku (virkjunarkostur sem stendur fjarri öðrum virkjunum ætti að fá +, t.d. Vestfirðir).
 - f. Umhverfismál: Útivist, hljóðvist, loftgæði, náttúra.
 - g. Félagslegur-/samfélagslegur auður: Væntingar, stuðningur/andstaða, lífsstíll, menningarauður. Almenn gildi á borð við traust, samvinnu, samstöðu – hraðar samfélagsbreytingar geta unnið á móti þessum þáttum. Hversu líklegt er að samfélagið geri sér mat úr þeim möguleikum sem fylgja virkjunarframkvæmdum?.
4. **Líkan Hagfræðistofnunar**. Líkanið gefur aðeins til kynna þjóðhagsleg áhrif á landsvísu. Helstu forsendur líkansins eru:
- a. Umfang verksins
 - b. Staða hagkerfisins
 - c. Framkvæmdartími
 - d. Vinnumarkaður á fyrirhuguðu svæði, t.d. stærð.
 - e. Fjöldi starfa. Kanna möguleika á að áætla fjölda starfa, t.d. meðalfjölda starfsmanna m.v. hvert framleitt MW.
5. **Landshlutabundnir þjóðhagsreikningar**. Velt upp möguleikum að yfirfæra líkanið yfir á einstaka landshluta. Daði og Guðmundur taka að sér að kanna landshlutabundna þjóðhagsreikninga sem teknir hafa verið saman með reglulegu millibili síðustu ár.
6. **Næsti fundur** verður haldinn á Akureyri 24. apríl, kl. 9:00. Á næstu fundum verður lögð áhersla á líkönin tvö (sbr. liði 3 og 4 að ofan).